



Þekkingarnet  
Þingeyinga

# ÞJÓNUSTA VIÐ ELDRI ÍBÚA Í SKÚTUSTAÐAHREPPI

Viðhorfskönnun meðal íbúa og  
samanburður við önnur sveitarfélög



Október 2016



Október 2016

Þekkingarnet Þingeyinga  
Skútustaðahreppur

*Forsíðamyndir (frá vinstri):*

Í versluninni Strax Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga  
Morgunsól í Mývatnssveit Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga  
Vindbelgur Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga  
Mynd: Þekkingarnet Þingeyinga

*Abyrgð / ritstjórn:*

*Óli Halldórsson*

*Helena Eydís Ingólfssdóttir*

*Gréta Bergrún Jóhannesdóttir*

*Framkvæmd:*

*Sonja Sif Þórólfsdóttir*

ISBN 978-9935-405-52-4



## Myndir

Mynd 1 - Skútustaðahreppur.....	5
Mynd 2 – Íbúafjöldapróun í Skútustaðahreppi .....	5
Mynd 3 – Mannfjöldapíramídi 2016 .....	6
Mynd 4 - Í hvaða félagsstarfi tekur þú þátt?.....	12
Mynd 5 - Telur þú vera nægilegt framboð af afþreyingu og félagsstarfi fyrir eldri íbúa í Skútustaðahreppi í dag?.....	13
Mynd 6 - Ef afþreying og félagsstarf fyrir aldraða myndi aukast og verða fjölbreyttara myndir þú taka meiri þátt en þú gerir núna?.....	13
Mynd 7 - Ef afþreying og félagsstarf í sveitarfélaginu yrði aukið hvert af eftirtöldu er líklegast að þú myndir nýta þér? .....	14
Mynd 8 - Búa einhverjir úr þinni nánustu fjölskyldu á svæðinu? .....	15
Mynd 9 - Ef þú gætir ekki búið áfram í núverandi húsnaði hversu mikinn áhuga hefur þú á að flytja á dvalarheimili í nálægum sveitarfélögum t.d. á Húsavík eða Akureyri? .....	15
Mynd 10 - Ef þú munt ekki geta búið áfram í núverandi húsnaði, sérð þú fram á að flytja á Dvalarheimilið Hvamm á Húsavík?.....	16
Mynd 11 - Telur þú vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi? .....	16
Mynd 12 - Ef byggt yrði dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Skútustaðahreppi hversu líklegt telur þú vera að þú munir nýta þér það á næstu 10- 20 árum? .....	17
Mynd 13 - Ef dagvist fyrir eldri íbúa væri til staðar í sveitarfélaginu hversu líklegt þykir þér að þú myndir nýta þér hana á næstu 10-20 árum? .....	17
Mynd 14 - Ef byggðar yrðu þjónustuíbúðir fyrir eldri íbúa í Skútustaðahreppi hversu líklegt þykir þér að þú myndir nýta þér þær á næstu 10-20 árum? .....	18
Mynd 15 - Myndir þú vilja sjá breytingar á þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu? .....	19
Mynd 16 - Hver eru viðhorf þín gagnvart núverandi þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu?.....	19
Mynd 17 - Ef þjónusta við eldri íbúa yrði aukið hvert af eftirtöldu myndir þú nýta þér ?.....	20
Mynd 18 - Ef þú ættir þess kost að búa lengur í núverandi húsnaði með því að fá heimahjúkrun eða aðra slíka þjónustu myndirðu kjósa það frekar en að flytja á dvalar- eða hjúkrunarheimili?.....	20
Mynd 19 - Hverja af eftirtalinni þjónustu sækir þú til nærliggjandi sveitarfélaga?.....	21
Mynd 20 - Í hvaða sveitarfélagi er sú þjónusta sem þú sækir oftast?.....	22
Mynd 21 - Kyn .....	23
Mynd 22 - Aldur.....	23
Mynd 23 - Hlutfallsleg skipting aldurshópanna .....	24
Mynd 24 - Hvaða menntun hefur þú lokið?.....	24
Mynd 25 - Hversu lengi hefur þú búið í Mývatnssveit?.....	25
Mynd 26 - Svör við spurningu 8 flokkuð eftir búsetulengd svarenda .....	26
Mynd 27 - Svör við spurningu 8 flokkuð eftir aldri svarenda.....	27
Mynd 28 - Svör við spurningu 9 flokkuð eftir búsetulengd svarenda .....	27
Mynd 29 - Svör við spurningu 9 flokkuð eftir aldri svarenda.....	28

## Töflur:

Tafla 1 - Helstu tölur fyrir sveitarfélög.....	8
Tafla 2 - Þjónusta við aldraða í sveitarfélaginu .....	10
Tafla 3 - Býrð þú í eigin húsnæði?.....	14
Tafla 4 - Þekkir þú til þeirrar þjónustu sem öldruðum er veitt í Skútustaðahreppi?.....	18
Tafla 5 - Sækir þú þjónustu til nærliggjandi sveitarfélaga? .....	21
Tafla 6 - Hvaða menntun hefur þú lokið? .....	25
Tafla 7 - Hver er hjúskaparstaða þín?.....	25

## Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	1
2	Þjónusta við aldraða .....	2
2.1	Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999 .....	2
2.2	Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.....	3
2.3	Fyrri rannsóknir.....	3
3	Sveitarfélagið Skútustaðahreppur .....	5
4	Aðferðir og framkvæmd .....	6
5	Samanburður á sveitarfélögum .....	8
5.1	Velferðarþjónusta Árnesþings .....	9
5.2	Heimaþjónusta.....	10
6	Niðurstöður .....	12
6.1	Félagsstarf.....	12
6.2	Húsnæði.....	14
6.3	Þjónusta .....	18
6.4	Bakgrunnsspurningar.....	23
6.5	Lýsandi tölfræði.....	26
7	Samantekt.....	29
8	Heimildaskrá.....	31
9	Viðauki 1 – Spurningalisti.....	1





## 1 Inngangur

Rannsókn þessi var framkvæmd að ósk sveitarstjórnar Skútustaðahrepps. Markmiðið með henni er að kanna hvernig staðið er að þjónustu við eldri íbúa í Skútustaðahreppi ásamt því að kanna hvers konar þjónustu íbúar sjá fyrir sér að þeir muni hafa þörf fyrir á komandi árum. Það á við hvort tveggja hefðbundna félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga sem og þörf íbúa fyrir búsetuúrræði, hvort sem er dvalarheimili eða þjónustuíbúðir.

Rannsóknin var tvíþætt. Annars vegar var Skútustaðahreppur borinn saman við sveitarfélög af svipaðri stærð og gerð. Þar var horft til hvaða þjónusta var til staðar í þeim sveitarfélögum, hvort búsetuúrræði stóðu eldri íbúum til boða og þá hvers konar úrræði það voru. Hins vegar var símakönnun lögð fyrir Mývetninga eldri en 60 ára til að kanna viðhorf þeirra gagnvart þjónustu við aldraða. Þá var spurt um hvort og hvaða þjónustu þeir telja að þeir muni hafa þörf fyrir og nýta á komandi árum. Þetta er gert í þeim tilgangi að auðvelda sveitarfélaginu að taka ákvarðanir um hvernig það geti sem best mætt þörfum íbúa fyrir þjónustu og búsetuúrræði í framtíðinni.

Rannsóknin var framkvæmd af Sonju Sif Þórólfsdóttur, nema við Háskóla Íslands, undir leiðsögn starfsfólks Þekkingarnets Þingeyinga. Gagnaöflun og könnun var unnin sumarið 2016 og var verkefnið eitt af rannsóknaverkefnum sem Þekkingarnetið stendur ár hvert fyrir í samstarfi við sveitarfélögin. Lokið var við úrvinnslu og frágang rannsóknarinnar haustið 2016.

## 2 Þjónusta við aldraða

### 2.1 Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999

Velferðarráðuneytið fer með yfirstjórn öldrunarmála á Íslandi og mótar stefnu fyrir allt landið. Þjónusta við aldraða skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga (Velferðarráðuneytið, 2005 eða 2006) en oft getur verið erfitt að greina á milli hvort sveitarfélagi eða ríki beri skylda til að veita tiltekna þjónustu. Í skilgreiningum laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 eru aldraðir þeir þjóðfélagsþegnar sem hafa náð 67 ára aldri. Sveitarfélögum ber skylda til að veita ákveðna þjónustu samkvæmt lögnum en hafa svigrúm til að setja sér nánari reglur varðandi framkvæmd og aukna þjónustu. Í 7. grein umræddra laga eru sveitarstjórnir skyldaðar til að skipa fimm manna hóp sem fer fyrir öldrunarmálum í sveitarfélaginu. Verkefni hópsins eru tilgreind í 8. grein laganna og eru eftirfarandi:

1. Að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu.
2. Að gera tillögur til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.
3. Að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999).

Einnig skal hópurinn hafa 1. gr. laganna hugfasta þegar verkefni eru unnin.

*Markmið þessara laga er að aldraðir eigi vól á þeirri heilbrigðis- og félagslegu þjónustu sem þeir þurfa á að halda og að hún sé veitt á því þjónustustigi sem er eðlilegast miðað við þörf og ástand hins aldraða. Einnig er markmið laganna að aldraðir geti, eins lengi og unnt er, búið við eðlilegt heimilislíf en að jafnframt sé tryggð nauðsynleg stofnanarþjónusta þegar hennar er þörf. Við framkvæmd laganna skal þess gætt að aldraðir njóti jafnréttis á við aðra þjóðfélagsþegna og að sjálfsákvörðunarréttur þeirra sé virtur (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999).*

Öldrunarþjónusta sem veitt er af opinberum aðilum greinist í fjóra þætti:

- Heimaþjónusta sem lýtur annars vegar að heilbrigðiseftirliti sem ríkið sinnir og hins vegar að félagslegri heimaþjónustu sem sveitarfélagið annast.
- Þjónustumiðstöðvar fyrir aldraða sem reknar eru af sveitarfélaginu þar sem öldruðum er tryggður félagsskapur, máltíðir, hreyfing og einnig heilbrigðiseftirlit (sem er veitt af ríkinu).
- Dagvist aldraðra sem er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem geta ekki búið heima án þess að fá daglegan stuðning. Sveitarfélögum ber skylda til þess að bjóða upp á akstur til og frá dagvistinni. Í dagvist skal vera þjálfun og lækniþjónusta en einnig möguleikar á tómstundaiðju, fræðslu og ýmsu öðru.
- Þjónustuíbúðir fyrir aldraða sem sveitarfélögin reka. Í þjónustuíbúðum skal vera öryggiskerfi og möguleiki á fjölbreyttri þjónustu.

Stofnanir fyrir aldraða skiptast í:

- Dvalarheimili, sambyli og sérhannaðar íbúðir ætlaðar fyrir þann hóp aldraðra sem þrátt fyrir heimaþjónustu getur ekki búið heima. Sveitarfélög sjá um rekstur dvalarheimila.
- Hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými eru ætluð þeim sem ekki geta dvalið á dvalarheimilum. Þar skal veitt hjúkrunar- og lækniþjónusta. Útbúa skal sérstaka deild fyrir heilabilaða. Ríkið sér um rekstur hjúkrunarheimila.

Áður en einstaklingur fær vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimili þarf hann að fara í færni- og heilsumat sem framkvæmt er af nefnd skipaðri af ráðherra. Ráðherra skipar þriggja manna nefnd í hverju heilbrigðisumdæmi og í henni skulu sitja lækni, hjúkrunarfræðingur og félagsráðgjafi,

sálfræðingur eða öldrunarfræðingur og þurfa allir meðlimir nefndarinnar að hafa sérþekkingu á öldrunarmálum (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999). Rekstrarform á dvalarheimilum eru misjöfn, sums staðar eru þau rekin af sveitarfélaginu og annars staðar eru þau einkarekin. Í sumum tilfellum eru dvalar- og hjúkrunarheimili rekin saman.

## 2.2 Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991

Lögum samkvæmt ber sveitarfélögum að veita félagslega heimaþjónustu til þeirra sem þurfa en ríkið sér um heimahjúkrun. Í 25.–29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eru skyldur og markmið félagslegrar heimaþjónustu skilgreind. Félagsleg heimaþjónusta á að stefna að því markmiði að efla sjálfstæði viðkomandi og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili. Áður en einstaklingur fær heimaþjónustu skal þörf hans metin og læknisvottorði skal framvísað ef um heilsufarslegar ástæður er að ræða. „Með félagslegri heimaþjónustu er átt við hvers konar aðstoð við heimilishald, persónulega umhirðu, félagslegan stuðning, gæslu og umönnun barna og unglinga“ (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Að öðru leyti getur sveitarfélag sett sér nánari reglur um framkvæmd og er sveitarfélaginu heimilt að innheimta gjald fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá. Í 10. kafla laganna er farið nánar út í þjónustu við aldraða. Eins og áður hefur komið fram þá á félagsþjónustan samkvæmt lögnum að hafa það að markmiði að stuðla að því að einstaklingar sem hana þurfa geti búið sem lengst við eðlilegt heimilislíf. Þá skal sveitarfélagið tryggja að þegar þess er þörf fái aldraðir viðeigandi stofnanaþjónustu. Þar kemur fram að sveitarfélagi beri skylda til að tryggja að félagsþjónusta fyrir aldraða sé til staðar í sveitarfélaginu og er þá átt við heimaþjónustu, heimsendingu matar og félagsráðgjöf. Einnig ber sveitarfélaginu skylda til að stuðla að fræðslu til aldraða um breyttar aðstæður og hvað fylgir því að hætta þátttöku á vinnumarkaði. Samkvæmt 41. gr. laganna þá eiga aldraðir „[...] rétt á almennri þjónustu og aðstoð samkvæmt lögum þessum en að öðru leyti fer um málefni þeirra eftir sérlögum um málefni aldraða.“ (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991)

Ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur 2009–2013 lagði áherslu á að ríkið og sveitarfélög færu að undirbúa færslu öldrunarmála frá ríkinu til sveitarfélaganna. Þá hafði Jóhanna sem félagsmála- og tryggingamálaráðherra árið 2008 kynnt áhersluatriði sem vinna átti að. Þau er að finna á vefsíðu velferðarráðuneytisins og er síðasta markmiðið þar að færa eigi heildarábyrgðina af ríkinu yfir á sveitarfélögin og átti það að gerast í síðasta lagi 2012. Því markmiði hefur ekki verið komið í framkvæmd og fer velferðarráðuneytið því með yfirstjórn með öldrunarmálum í dag (Velferðarráðuneytið, e. d.)

## 2.3 Fyrri rannsóknir

Í doktorsverkefni Sigurveigar H. Sigurðardóttur, Patterns of care and support in old age, kannar hún hvernig þjónustu aldraðir á Íslandi sem búa á heimilum sínum þarfnast. Verkefnið samanstendur af fjórum rannsóknum og snýr fyrsta rannsóknin að þjónustuþörfum aldraða á Íslandi. Í henni skilgreinir Sigurveig þá aðstoð sem aldraðir þurfa (e. activities of daily living), hún flokkar þarfnar í tvennt, aðstoð við heimilisstörf (e. instrumenal activities of daily living) annars vegar og aðstoð við persónulega hluti (e. personal activities of daily living) hins vegar.

Einnig flokkar hún þá sem veita aðstöðina í tvo flokka, formlegir aðilar og óformlegir aðilar. Formlegir aðilar eru opinberir aðilar og stofnanir en óformlegir aðilar eru fjölskylda, vinir og nágrannar. Í ljós kom meðal annars það að 82% af þeim sem þarfnast aðstoðar þarfnast aðeins aðstoðar við heimilisstörf. Einnig kom í ljós að 18% af þeim sem fá aðstoð vilja meiri aðstoð.

Þegar þátttakendur í rannsókn Sigurveigar voru spurðir hvar þeir kysu að fá ummönnun ef þeir þyrftu þess svöruðu 68% að þeir vildu fá hana inni á heimilum sínum.

Þegar þjónustuþörf einstaklinganna eykst og þurfi þeir persónulega aðstoð við fleiri en einn hlut kjósa 57% viðmælenda að flytjast á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Sigurveig dregur þá ályktun af því, að ekki séu nægileg úrræði fyrir þá sem þurfa mikla hjálp heima og því neyðist þeir til að leggjast inn á stofnun. Í þriðju greininni kannar hún þá þætti sem hafa áhrif á formlega og óformlega þjónustu við aldraða. Kannaðir voru þrír þættir einna helst, kyn, færni og hvort hinn aldraði sé í sambúð eða ekki.


Niðurstöðurnar gefa til kynna að flestir viðmælendur fái aðstoð frá annað hvort formlegum eða óformlegum aðila en ekki hvoru tveggja og veltir Sigurveig því fyrir sér hvort að ónóg samvinna orsaki það. Varðandi aðstoð frá formlegum aðila var mikill munur á því hvort fólk er í sambúð eða ekki. Þeir sem eru í sambúð fá mun minni aðstoð frá formlegum aðila heldur en þeir sem búa einir (Sigurveig H. Sigurðardóttir, 2013).

Ólöf Birna Björnsdóttir vann lokaverkefni í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands þar sem hún ber saman 8 sveitarfélög af svipaðri stærð og metur hve mismunandi þjónustan er sem öldruðum er veitt. Hún mat sérstaklega heimaþjónustuna sem sveitarfélögum er skylt að veita. Hún skoðaði jafnframt gjaldskrár sveitarfélaganna og afslátt af fasteignagjöldum fyrir aldraða. Í verkefninu var einnig skoðað hversu mikill munur er á því hve mikið sveitarfélög taka fyrir þá þjónustu sem þau veita öldruðum.

Verkefnið veitir ágæta yfirsýn yfir þá þjónustu sem sveitarfélög veita. Niðurstöðurnar benda til þess að mikill munur sé á því hversu mikla þjónustu sveitarfélög veita öldruðum og að gríðarlegur munur sé á gjaldskrár þeirra. Mesti munurinn er á gjaldskrár fyrir félagsþjónustu en hann er mestur 455% og mesti munur á heimsendum mat er 72%. Verkefnið snýr meira að fjárhagslegu hliðinni á þjónustunni heldur en hér verður um fjallað (Ólöf Birna Björnsdóttir, 2013).


### 3 Sveitarfélagið Skútustaðahreppur

Skútustaðahreppur er 408 manna sveitarfélag á Norðausturlandi. Skútustaðahreppur nær suður að Vatnajökli og nær því yfir gríðarlega stórt landssvæði. Byggð er þó aðeins í kringum Mývatn sem er helsta kennileiti sveitarinnar. Í Mývatnssveit er ekki þéttbýliskjarni samkvæmt skilgreiningum Hagstofunnar en til þéttbýliskjarna teljast þau þorp sem hafa yfir 200 íbúa (Jórunn Íris Sindradóttir og Ómar Harðarsson, 2015). Í Reykjahlíð er byggðakjarni þar sem búa 163 manns samkvæmt



Mynd 1- Skútustaðahreppur

tölum Hagstofunnar frá 1. janúar 2016. Einnig er örlítill byggðakjarni á Skútustöðum. Ferðapjónusta er ein helsta atvinnugrein Mývetninga sem og landbúnaður og raforkuframleiðsla (Skútustaðahreppur, e.d.)



Mynd 2 – Íbúafjöldapróun í Skútustaðahreppi

Þann 13. ágúst 1966 var Kísiliðjan hf. stofnuð með stofnsamningi milli íslenska ríkisins og bandaríska fyrirtækisins Johns Manville Corporation (Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson, 1985). Kísilgúrverksmiðjan opnaði síðla árs 1967 en fyrir þann tíma var landbúnaður ein helsta atvinnugreinin í sveitinni. Kísiliðjan hafði mikil áhrif á Mývatnssveit en hún skapaði að meðaltali um 50–60 heilsársstörf. Þegar henni var lokað árið 2004 töpuðust því mörg


störf (Guðni Halldórsson, 2004). Líkt og mynd 2 gefur til kynna þá hefur íbúum vissulega fækkað í sveitarfélaginu en breytingarnar voru ekki eins miklar og búist var við. Eftir bankahrunið 2008 hefur íbúum farið fjölgandi að undanskildum árunum 2010, 2013 og 2014 en það ár var íbúafjöldinn lægstur. Á árunum áður en verksmiðjunni var lokað hafði ferðamennska verið að byggjast upp í sveitinni og árið sem henni var lokað hlaut fyrirtækið Mývatn ehf. verðlaun fyrir nýsköpun í ferðaþjónustu (Vísir, 2004).

Sveitarfélagið Skútustaðahreppur er aðili að Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík. Hvammur er það búsetuúrræði sem stendur öldruðum í sveitarfélaginu til boða. Heilbrigðisstofnun Norðurlands annast heimahjúkrun á svæðinu og sveitarfélagið stendur fyrir heimaþjónustu samkvæmt reglum um félagsþjónustu sveitarfélaga (Jón Óskar Pétursson, tölvupóstur, 30. maí 2016). Hvorki er boðið upp á akstur fyrir aldraða né heimsendingu á heitum mat í Mývatnssveit.

Fimmtungur íbúa í sveitarfélaginu er eldri en 60 ára. Lang-fjölmennasti aldursflokkurinn er þó 50–59 ára en hann er um 20% af heildar íbúafjölda sveitarfélagsins. Það er því ljóst að á næstu 10–20 árum mun íbúum eldri en 60 ára fjölga umtalsvert. Hlutfall einstaklinga eldri en 50 ára í sveitarfélaginu er núna 40%. Það er töluvert herra en gerist á landsvísu. En 32% þjóðarinnar er eldri en 50 ára (Hagstofan, 2016).

#### 4 Aðferðir og framkvæmd

Við framkvæmd rannsóknarinnar var notað hentugleikaúrtak sem inniheldur sveitarfélög af svipaðri stærð og samanburðar-sveitarfélagið eða með íbúafjölda á bilinu 300-900 manns. Reynt var að hafa í það minnsta eitt sveitarfélag úr hverjum landsfjórðungi. Þegar úrtakið var valið var reynt að hafa sveitarfélög sem hafa ólíka eiginleika. Sum sveitarfélög hafa þéttbýliskjarna, önnur ekki. Sum sveitarfélögin í úrtakinu eru í miklu samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög en önnur ekki. Sveitarfélögin sem urðu fyrir valinu eru af ólíkri stærð landfræðilega séð en það voru:



Mynd 3 – Mannfjöldapíramídi 2016

Seyðisfjarðarkaupstaður, Langanesbyggð, Grundarfjarðarbær, Hrunamannahreppur, Hvalfjarðarsveit, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafnings-hreppur, Skagaströnd, Húnavatnshreppur, Djúpavogshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Grýtubakka-hreppur og Vopnafjarðar-hreppur. Þá voru sérstaklega skoðuð samstarfsverkefni nokkurra minni sveitarfélaga á Suðurlandi og Norðaustur-landi.

Gagnaöflunin fór fram í lok maí og byrjun júní 2016 og var upplýsinga aflað á heimasíðum sveitarfélaganna sem valin voru til viðmiðunar en einnig með tölvupósti. Sendur var tölvupóstur til sveitarstjóra, félagsmálafulltrúa eða forstöðumanns dvalarheimilis með stöðluðum spurningum,

bæði til að spyrja þeirra spurninga sem ekki fengust svör við á heimasíðunni en einnig til að staðfesta þær upplýsingar sem þar fengust.

Við framkvæmd könnunarinnar sem lögð var fyrir var ákveðið að vinna með allt þýðið þar sem úrtak hefði verið of lítið til að skila fullnægjandi svörum. Einnig þótti mikilvægt að reyna að ná til sem flestra til að geta kortlagt þarfir hópsins betur og því var könnunin lögð fyrir í gegnum síma.

Við gerð spurningalista var meðal annars litið til lokaverkefnis í iðjuþjálfraði frá Háskólanum á Akureyri. Í því verkefni voru viðhorf, óskir og þarfir aldraðra í Eyjafjarðarsveit fyrir þjónustu og búsetuúrræði könnuð (Arndís Jóna Guðmundsdóttir, Jónína Harpa Njálisdóttir og Lillý Rebekka Steingrímsdóttir, á.á.). Einnig var litið til rannsóknar sem framkvæmd var af Þekkingarneti Þingeyinga árið 2010. Sú rannsókn var einföld í sniðum og innihélt aðeins niðurstöður úr viðhorfaskönnun sem lögð var fyrir eldri borgara Skútustaðahrepps. Sú könnun var send út í pósti og var svarhlutfallið frekar lágt en aðeins 26 einstaklingar svöruðu. Sérstaklega var litið til þeirra upplýsinga sem komu fram í opnum svarmöguleika, en þar gátu svarendur talið upp þá þjónustu sem þeir vildu fá en stóð ekki til boða.

Á íbúaskrá sem fengin var hjá sveitarstjóra voru 94 einstaklingar eldri en 60 ára. Þegar farið var betur yfir listann, sem er síðan í desember 2015, kom í ljós að aðeins var mögulegt að hringja í 85 einstaklinga af þeim 94 sem skráðir voru. Brottfallið kemur til vegna brottflutninga og andláta. Af þeim 85 sem möguleiki var að hringja í náðist í 69 einstaklinga. Af þeim svöruðu 50 könnuninni. Það þýðir að svarhlutfall var 72,5% sem telst nokkuð gott. Könnunin var framkvæmd á bilinu 20. júní til 11. júlí 2016.

Við söfnun gagnanna var vefsíðan Survey Monkey notuð. Til þess að vinna gögnin voru gagnavinnsluforritin Excel og SPSS notuð.

## 5 Samanburður á sveitarfélögum

Þessi rannsókn felur í sér samanburð á þjónustu sveitarfélaga og því er heimahjúkrun í sveitarfélögunum undanskilin þar sem hún er veitt af ríkinu. Unnið er með 13 sveitarfélög víðs vegar um landið. Það er gert til að reyna að ná yfir þann fjölbreytileika sem ríkir í þjónustu við aldraða og að hver landshluti hefði í það minnsta einn fulltrúa. Vestfirðir urðu því miður útundan þar sem ekki bárust svör þaðan.

Tafla 1 - Helstu tölur fyrir sveitarfélög

Sveitarfélag	Þéttbýlis- -kjarni	Íbúa- fjöldi	Fjöldi íbúa 60 ára og eldri	Hlutfall íbúa 60 ára og eldri	Fjöldi hjúkrunar- rýma	Fjöldi dvalar- rýma
<i>Grýtubakka- hreppur</i>	x	357	93	26%	6	3
<i>Húnavatns- hreppur</i>		403	91	22,6%	0	0
<i>Skútustaða- hreppur</i>		408	84	20,6%	0	0
<i>Djúpavogs- hreppur</i>	x	456	103	22,6%	0	0
<i>Grímsnes- og Grafnings- hreppur</i>		465	97	20,9%	0	0
<i>Skagaströnd</i>	x	489	103	21,1%	7	1
<i>Langanes- byggð</i>	x	505	85	16,8%	10	3
<i>Skeiða- og Gnúpverja- hreppur</i>		521	121	23,2%	5	6
<i>Flóahreppur</i>		619	115	18,6%	0	0
<i>Hvalfjarðar- sveit</i>		622	115	18,5%	0	0
<i>Vopnafjarðar- hreppur</i>	x	650	191	29,4%	10	1
<i>Seyðisfjarðar- kaupstaður</i>	x	658	104	15,8%	18	0
<i>Hrunamanna- hreppur</i>	x	807	147	18,2%	0	0
<i>Grundar- fjarðarbær</i>	x	899	152	16,7%	10	2

(Hagstofan, 2016, Velferðarráðuneytið, 2016)

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir sveitarfélögin, íbúafjölda, hvort þéttbýliskjarni er í sveitarfélaginu, hlutfall íbúa yfir 60 ára og fjölda hjúkrunar- og dvalarrýma í sveitarfélaginu. Feitletraðar tölur í dálkunum eru hæstu og lægstu tölur. Áhugavert er að það sveitarfélag sem er með lægsta hlutfall íbúa yfir 60 ára er það sveitarfélag sem hefur flest hjúkrunarrými en ekkert dvalarrými. Skýringin



á fjölda hjúkrunarrýmanna er að þar er rekin sérhæfð sjúkradeild fyrir heilabilaða ásamt almennum hjúkrunarrýmum.

Einnig sýnir taflan að þau sveitarfélög sem ekki hafa þéttbýliskjarna eru ólíklegri til að hafa hjúkrunar- eða dvalarheimili, þó með undantekningum. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er hjúkrunar- og dvalarheimili þrátt fyrir að þar sé ekki byggðarkjarni, en dvalarheimilið þar er rekið af sjálfstæðum rekstraraðila á Blesastöðum (María Ingibjörg Kristjánsdóttir, tölvupóstur, 1. júní 2016). Hjúkrunar- og dvalarheimilið Fellaskjól í Grundarfirði er ekki heldur rekið af sveitarfélaginu en það er sjálfseignarstofnun (Sigurlaug R. Sævarsdóttir, tölvupóstur, 30. maí 2016).

## 5.1 Velferðarþjónusta Árneshings

Eins og áður hefur komið fram hafa sum sveitarfélög komið á samstarfi um félagsþjónustu og búsetuúrræði. Dæmi um þetta er Velferðarþjónusta Árneshings sem er samstarf nokkurra minni sveitarfélaga á Suðurlandi. Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur ásamt Sveitarfélaginu Ölfus, Hveragerðisbæ og Bláskógabyggð eru aðilar að samstarfinu. Í samstarfsamningi þeirra segir að markmiðin séu að efla samstarf á milli sveitarfélaga á sviði skóla- og velferðarþjónustu, samþætta sérfræðiþjónustu og minnka faglega einangrun. Samstarfssamningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og er því ekki komin löng reynsla á samstarfið. Velferðarþjónustan hefur starfsstöðvar á þremur stöðum í Ölfusi, Hveragerði og uppsveitum Árneshings og Flóahrepps. Kostnaði við sameiginlega starfsmenn er skipt hlutfallslega á milli sveitarfélaganna eftir höfðatölu ný liðins árs. Í nefnd skóla- og velferðarþjónustunnar sitja oddvitar/sveitarstjórar sveitarfélaganna og er kjörtímabil þeirra jafn langt og sveitarstjórnanna. Nefndin fer með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar (Samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu Árneshings, 2013)

Sveitarfélögin sem um ræðir standa mjög misjafnlega að velli þegar kemur að þjónustu sem öldruðum er veitt. Þar spilar einna helst inn í staðsetning og hversu dreifbýl þau eru. Þá er Hrunamannahreppur eina sveitarfélagið af fjórum minni sveitarfélögum sem hefur þéttbýliskjarna, þrátt fyrir það er ekki dvalar- eða hjúkrunarheimili þar. Það er aftur á móti dvalar- og hjúkrunarheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og er það eina sveitarfélagið af fjórum sem hefur félagsstarf fyrir aldraða. Fyrir þessi minni sveitarfélög er samstarfið við Ölfus og Hveragerði mjög mikilvægt því íbúar geta sótt um að fara á dvalar- eða hjúkrunarheimili þar (María Ingibjörg Kristjánsdóttir, tölvupóstur, 1. júní 2016). Þjónustan er því af skornum skammti innan sveitarfélagsins eins og sjá má í töflu 2. Þar má sjá að sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Flóahreppur, Skeiða- Gnúpverjahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur bjóða hvorki upp á heimsendingu á mat eða akstursþjónustu. Þegar aldraðir geta ekki sinnt heimilisstörfum meðal annars eldamennsku, þá eru einstaklingsmiðuð úrræði fundin sem henta bæði þjónustuþega og sveitarfélaginu. Vegna landfræðilegrar stærðar svæðisins eru mismunandi úrræði í boði háð búsetu. Þeim sem búa nálægt byggðarkjörnum eða hjúkrunar- og dvalarheimilum býðst að fá mat heimsendan eða að fara í viðkomandi mótuneyti til að snæða. Þeir sem fá heimaþjónustu geta fengið eldaðan mat á heimili sínu (María Ingibjörg Kristjánsdóttir, tölvupóstur, 8. júní 2016).

## 5.2 Heimaþjónusta

Hvað lýtur að þjónustupáttum sem sveitarfélagið veitir var einna helst litið til hvaða þátta sveitarfélögunum ber skylda til að veita. Einnig var skoðað hvort akstursþjónusta og heimsendingar á heitum mat stæði öldruðum til boða. Sömuleiðis var kannað hvort dagvist væri til staðar og hvort eitthvert skipulagt félagsstarf væri fyrir aldraðra.

Tafla 2 - Þjónusta við aldraða í sveitarfélaginu

Sveitarfélag	Dagvist	Heimaþjónusta	Heitur matur	Akstursþjónusta	Félagsstarf
<i>Grýtubakka-hreppur</i>		x		x <sup>4</sup>	x
<i>Húnavatns-hreppur</i>		x	x	x <sup>3</sup>	x
<i>Skútustaða-hreppur</i>		x			x
<i>Djúpavogs-hreppur</i>	x	x	x	x	x
<i>Grímsnes- og Grafnings-hreppur</i>		x			
<i>Skagaströnd</i>		x	x	x <sup>3</sup>	x
<i>Langanesbyggð</i>	x	x			x
<i>Skeiða- og Gnúpverja-hreppur</i>		x			x
<i>Flóahreppur</i>	5	x		3	
<i>Hvalfjarðar-sveit</i>	1	x	x	x <sup>1</sup>	x
<i>Vopnafjarðar-hreppur</i>	x	x	x	x	x
<i>Seyðisfjarðar kaupstaður</i>	x	x	x	x <sup>2</sup>	x
<i>Hrunamanna-hreppur</i>		x			x
<i>Grundarfjarðarbær</i>		x	x		x

<sup>1</sup>Dagvist er á Akranesi og boðið upp á akstur þangað.

<sup>2</sup>Boðið upp á akstur í handavinnu.

<sup>3</sup>Boðið upp á akstur í félagsstarf.

<sup>4</sup>Ef engin önnur úrræði eru í boði fyrir einstaklinginn sér sveitarfélagið um akstur til Akureyrar til læknis eða verslunarferðir (Guðrún Kristjánsdóttir, tölvupóstur, 10. júní 2016).

<sup>5</sup>Öldruðum í sveitarfélaginu stendur til boða að nýta dagvist á Selfossi.

Sveitarfélögum er skylt að sinna heimaþjónustu og hafa heimild til að taka gjald fyrir hana. Sveitarfélögum ber einnig skylda til að tryggja að heimsendur matur og akstursþjónusta standi

öldruðum til boða (Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999). Í nokkrum sveitarfélögum í þessum samanburði er akstursþjónustan oft háð einhverjum skilyrðum líkt og að aðeins sé akstur í tengslum við félagsstarf. Djúpvogur og Vopnafjörður eru einu sveitarfélögin í þessum samanburði sem uppfylla alla þjónustuþætti sem teknir eru fyrir, án skilyrða.

Í Langanesbyggð er ekki boðið upp á heitan mat í heimsendingu eins og stendur en það hefur verið gert áður og til tals hefur komið að endurvekja það (Sigríður Jóhannesdóttir, tölvupóstur, 8. júní 2016). Í Grýtubakkahreppi hefur ekki verið þörf fyrir að fá heimsendan mat en þjónustan stendur til boða ef til þess kæmi (Guðrún Kristjánsdóttir, tölvupóstur, 10. júní 2016). Þessar niðurstöður eru samhljóma við þær niðurstöður sem fengust úr skýrslu sem gerð var árið 2006 á félagsþjónustu í dreifbýli. Þjónustu við þá sem búa utan þéttbýliskjarnanna er ábótavant og einstaklingar í forsvari fyrir félagsþjónustu bera fyrir sig að ekki sé eftirspurn eftir henni (Velferðarráðuneytið, 2006).


Ljóst er að hin ýmsu úrræði eru fyrir aldraða í sveitarfélögunum. Misjafnt er hversu vel sveitarfélögin sinna skyldum sínum. Sveitarfélögin sem um ræðir eru fámenn og því eðlilegt að þjónustugeta þeirra sé misjöfn og fari eftir landfræðilegri legu þeirra. Fjöldi aldraðra í sveitarfélaginu samkvæmt Hagstofunni gefur ekki alltaf raunverulegar tölur. Minni sveitarfélög sem ekki hafa þéttbýliskjarna eins og til að mynda Húnavatnshreppur sækja oft í samvinnu með stærri sveitarfélögum sem hafa þéttbýliskjarna. Einstaklingar sem ekki geta búið einir heima á sveitabæjunum flytjast á dvalar- eða hjúkrunarheimili í næsta sveitafélagi en halda samt sem áður lögheimili sínu í sveitinni (Auður Herdís Sigurðardóttir, tölvupóstur, 31. maí 2016).

## 6 Niðurstöður

Spurningakönnuninni sem lögð var fyrir eldri íbúa Skútustaðahrepps var skipt upp í fjóra hluta, félagsstarf, húsnæði, þjónusta og bakgrunnsspurningar. Misjöfn svörun var við spurningunum og má þar líta til þess að aðeins 24 af 50 íbúum telja sig þekkja til þeirrar þjónustu sem er í boði fyrir aldraða í Mývatnssveit, en einnig er mismunandi hvaða þætti fólk telur til þjónustu. Niðurstöðurnar ættu að geta gefið ágæta vísbendingu um viðhorf til þjónustunnar.


### 6.1 Félagsstarf

Í þessum hluta var spurt um þátttöku í félagsstarfi og hvers konar félagsstarfi viðkomandi hefði áhuga á að taka þátt í ef það væri í boði.



Mynd 4 - Í hvaða félagsstarfi tekur þú þátt?


Allir svöruðu spurningunni og möguleiki var á að haka í fleiri en einn svarmöguleika. Þeir sem svöruðu annað nefndu kvenfélag, kórastarf, Fjöregg, Gjallanda, Kiwanis, björgunarsveitina, harmonikkufélag, slysavarnadeildina og garðræktarfélag.



■ Já ■ Nei


Mynd 5 - Telur þú vera nægilegt framboð af afþreyingu og félagsstarfi fyrir eldri íbúa í Skútustaðabreppi í dag?

Eins og sjá má á mynd 5 þá voru nokkuð jöfn hlutföll varðandi hvort svarendum finnst nóg framboð af afþreyingu og félagsstarfi, en þó skal athuga að aðeins 29 af 50 svöruðu spurningunni.



Mynd 6 - Ef afþreying og félagsstarf fyrir aldraða myndi aukast og verða fjölbreyttara myndir þú taka meiri þátt en þú gerir núna?

Allir svöruðu spurningunni. Tæpur helmingur svarenda virðist muni auka þátttöku sína í félagsstarfi ef félagsstarf fyrir aldraða yrði aukið og fjölbreyttara.



Mynd 7 - Ef afþreying og félagsstarf í sveitarfélaginu yrði aukð hvert af eftirtöldu er líklegast að þú myndir nýta þér?

Einungis 28 af 50 svöruðu spurningunni en hægt var að nefna fleiri en eitt atriði.


## 6.2 Húsnæði

Í þessum kafla eru spurningar sem snúa að því í hvers konar húsnæði íbúar búa og hvers konar búsetuúrræði þeir sjá fyrir sér að hafa þörf fyrir og vilja nýta í framtíðinni.

Tafla 3 - Byrð þú í eigin húsnæði?


<b>Já</b>	43
<b>Nei</b>	7

Allir svöruðu spurningunni.




Mynd 8 - Búa einhverjir úr þinni nánustu fjölskyldu á svæðinu?

Flestir svöruðu spurningunni eða 49 af 50 þátttakendum.




Mynd 9 - Ef þú gætir ekki búið áfram í núverandi búsnæði hversu mikinn áhuga hefur þú á að flytja á dvalarheimili í nálægum sveitarfélögum t.d. á Húsavík eða Akureyri?

Allir svöruðu spurningunni.



*Mynd 10 - Ef þú munt ekki geta búið áfram í núverandi húsnæði, sérð þú fram á að flytja á Dvalarheimilið Hvamm á Húsavík?*


Alls 44 af 50 svöruðu spurningunni.



*Mynd 11 - Telur þú vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi?*


Alls 48 af 50 svöruðu spurningunni. Svarendur gátu komið athugasemdum á framfæri í þessari spurningu og á meðal athugasemda voru að viðkomandi sá frekar fyrir sér þjónustuíbúðir eða dvalarheimili í smárri mynd.






Mynd 12 - Ef byggt yrði dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Skútustaðahreppi hversu líklegt telur þú vera að þú munir nýta þér það á næstu 10–20 árum?

Alls 48 af 50 svöruðu spurningunni.



Mynd 13 - Ef dagvist fyrir eldri íbúa væri til staðar í sveitarfélaginu hversu líklegt þykir þér að þú myndir nýta þér hana á næstu 10–20 árum?

Alls 47 af 50 svöruðu spurningunni.



■ Mjög líklegt eða líklegt ■ Hvorki líklegt né ólíklegt ■ Mjög ólíklegt eða ólíklegt

*Mynd 14 - Ef byggðar yrðu þjónustubúðir fyrir eldri íbúa í Skútustaðahreppi hversu líklegt þykir þér að þú myndir nýta þær þær á næstu 10-20 árum?*

Alls 47 af 50 svöruðu spurningunni.


### 6.3 Þjónusta

Í þessum kafla eru spurningar sem snúa að þeirri þjónustu sem eldri íbúum er veitt, viðhorf gagnvart þeirri þjónustu og hvaða þjónustu viðkomandi sér fyrir sér að nýta.

*Tafla 4 - Þekkir þú til þeirrar þjónustu sem öldruðum er veitt í Skútustaðahreppi?*


<b>Já</b>	24
<b>Nei</b>	26

Allir svöruðu spurningunni. Þeir sem svöruðu játandi svöruðu næstu tveimur spurningum en þeir sem svöruðu neitandi fóru beint í spurningu 16.




Mynd 15 - Myndir þú vilja sjá breytingar á þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu?

Aðeins helmingur aðspurðra svaraði spurningunni.




Mynd 16 - Hver eru viðhorf þín gagnvart núverandi þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu?

Aðeins 23 af 50 svöruðu spurningunni.



Mynd 17 - Ef þjónusta við eldri íbúa yrði aukin hvert af eftirtöldu myndir þú nýta þér?

Í spurningu 16 var að hægt að merkja við fleiri en einn reit. Alls 34 af 50 svöruðu spurningunni.




Mynd 18 - Ef þú ættir þess kost að búa lengur í núverandi húsnæði með því að fá heimahjúkrun eða aðra slíka þjónustu myndirðu kjósa það frekar en að flytja á dvalar- eða hjúkrunarheimili?

Alls 47 af 50 svöruðu spurningunni.

Tafla 5 - Sækir þú þjónustu til nærliggjandi sveitarfélaga?


<b>Já</b>	31
<b>Nei</b>	19

Allir svöruðu spurningunni. Þeir sem svöruðu neitandi svöruðu næst spurningu 21.



Mynd 19 - Hverja af eftirtalinni þjónustu sækir þú til nærliggjandi sveitarfélaga?

Í spurningu 19 var hægt að merkja við fleiri en einn svarmöguleika. Alls 32 af 50 svöruðu spurningunni. Í valmöguleikanum annað var hægt að telja upp þjónustu sem viðkomandi notaði. Í opna valmöguleikanum var sund nefnt 3 sinnum en einnig var ýmis lækniþjónusta nefnd og önnur þjónusta.




■ Norðurþingi ■ Þingeyjarsveit ■ Akureyri

*Mynd 20 - Í hvaða sveitarfélagi er sú þjónusta sem þú sækir oftast?*

Alls 33 af 50 svöruðu spurningunni.


## 6.4 Bakgrunnsspurningar

Eftirfarandi eru spurningar varðandi bakgrunn svarenda.




Mynd 21 - Kyn

Konur eru í miklum meirihluta svarenda sem endurspeglar ekki kynjahlutfallið í þýðinu. Kynjahlutfallið í sveitarfélaginu er 52% karlar og 48% konur. Í aldursflokkunum sem um ræðir er hlutfallið milli kynjanna jafnt.




Mynd 22 - Aldur

Eins og sjá má er yngsti aldurshópurinn fjölmennastur. Hér fyrir neðan má sjá hlutfallslega skiptingu aldurshópanna.



Mynd 23 - Hlutfallsleg skipting aldurshópanna

Þegar þetta er borið saman við aldurspýramíðann á mynd 2 sést að hver aldurshópur hefur hlutfallslega svipað marga fulltrúa.



Mynd 24 - Hvaða menntun hefur þú lokið?

Allir þátttakendur svöruðu spurningunni.



Tafla 6 – Stundar þú í launað starfi?


<b>Já fullt starf</b>	21
<b>Já hlutastarf</b>	2
<b>Nei</b>	27

Allir þátttakendur svöruðu spurningunni.

Tafla 7 - Hver er hjúskaparstaða þín?

<b>Gift/ur</b>	32
<b>Í sambúð</b>	1
<b>Einhleyp/ur</b>	5
<b>Ekkja/ekkill</b>	10
<b>Fráskilin/n</b>	2

Allir þátttakendur svöruðu spurningunni.




Mynd 25 - Hversu lengi hefur þú búð í Mývatnssveit?

Allir þátttakendur svöruðu spurningunni.


## 6.5 Lýsandi tölfræði

Hér á eftir eru tvær spurningar greindar frekar út frá búsetulengd og aldursamsetningu.




*Mynd 26 – Ef þú munt ekki geta búið áfram í núverandi húsnæði, sérð þú fram á að flytja á dvalabeimilið Hvamm á Húsavík skóðað út frá búsetulengd svarenda.*

Á mynd 26 má sjá að þeir sem hafa búið í 50-90 ár í sveitinni en eru samt ekki fæddir og uppaldir í þar sjá síður fyrir sér að flytja á Hvamm á Húsavík, aðrir skiptast nokkuð jafnt upp í sinni afstöðu.




Mynd 27 - Ef þú munt ekki geta bíud áfram í núverandi húsnæði, sérð þú fram á að flytja á dvalabeimilöð Hvamm á Húsavík skoðað út frá aldri svarenda

Yngsti aldurshópurinn sér síður fyrir sér að flytja á Hvamm.



Mynd 28 – Telur þú vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi skoðað út frá búsetulengd svarenda.

Meirihluti íbúa telur vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis og virðist búsetulengd ekki hafa áhrif á þá skoðun.



*Mynd 29 - Telur þú vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi skadað út frá aldri svarenda*

Meirhluti íbúa eða 39 af þeim 48 sem svöruðu spurningunni telja vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi.

## 7 Samantekt

Við þessa úttekt var annars vegar unnið með samanburð á milli sveitarfélaga og þá þjónustu sem eldri íbúum þeirra stendur til boða og hins vegar var framkvæmd viðhorfskönnun meðal eldri íbúa í Skútustaðahreppi til þjónustu og búsetuúrræða í sveitarfélaginu.

Valin voru 13 sveitarfélög með íbúafjölda á bilinu 300-900 víðs vegar af landinu til að bera saman við Skútustaðahrepp. Við samanburðinn kom í ljós að sveitarfélögin standa mjög misjafnlega að þjónustu og búsetuúrræðum fyrir aldraða. Nokkrir þættir hafa áhrif á getu þeirra til að sinna þjónustunni og bjóða upp á búsetuúrræði. Eitt þeirra er landfræðileg lega og annað er samsetning og dreifing byggðar þ.e. hvort þéttbýliskjarni sé til staðar á þjónustusvæði sveitarfélagsins. Þá hefur þéttbýliskjarni í nærliggjandi stærra sveitarfélagi einnig áhrif á þá þjónustu sem veitt er eða með hvaða hætti hún er veitt. Þar sem þéttbýliskjarni er til staðar á þjónustusvæði sveitarfélags er líklegra að til staðar sé dvalar- eða hjúkrunarheimili. Smá og dreifbýl sveitarfélög eru líklegri til að eiga samstarf hvort við annað til að standa betur að öldrunarmálum.

Samkvæmt lögum um málefni aldraðra er sveitarfélögum skylt að skipa 5 manna hóp sem fer fyrir öldrunarmálum í sveitarfélaginu. Einnig ber sveitarfélögum skylda til að tryggja félagsþjónustu fyrir aldraða sem og heimsendingu á heitum mat og akstursþjónustu (Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991). Samanburðurinn leiddi í ljós að misjafnlega er að þessu staðið meðal sveitarfélaganna eða hvort þjónustan stendur íbúum til boða. Hvorugur þjónustuþátturinn, heimsending á mat eða akstursþjónusta, er til staðar fyrir eldri íbúa í Skútustaðahreppi.

Unnið var með allt þýðið fyrir viðhorfskönnunina en um tiltölulega fáa einstaklinga er þó að ræða og því ekki hægt að heimfæra niðurstöður á annað sveitarfélag. Á móti kemur að svarhlutfallið er mjög gott og því gefur könnunin ágætis vísbendingu um viðhorf íbúa eldri en 60 ára í sveitarfélaginu. Konur eru í meirihluta svarenda þrátt fyrir að kynjahlutfallið hjá aldurshópunum sé jafnt. Aldursskipting svarenda er í samræmi við aldursskiptingu í sveitarfélaginu.

Þegar spurt var út í þátttöku og hvort viðkomandi myndi taka meiri þátt ef félagsstarf yrði aukið svöruðu 22 af 50 já. Einnig voru svarendur jákvæðir fyrir flestum af þeim hugmyndum um afþreyingu og félagsstarf af þeim sem taldar voru upp. Flestir töldu að þeir myndu taka þátt í leikfimi eða sundleikfimi.

Áhugavert verður að teljast að 39 af þeim 48 sem svöruðu spurningunni um byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi töldu að grundvöllur væri fyrir byggingu slíks heimilis. Einnig má benda á að 35 af 48 töldu líklegt eða mjög líklegt að þeir myndu nýta sér dvalar- og hjúkrunarheimili í sveitinni á næstu 10-20 árum. Aðeins 24 af 50 þekkja þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir eldri íbúum sem er vert að athuga frekar. En þeir sem þekkja til þjónustunnar eru almennt ánægðir eða mjög ánægðir með hana, en 14 af 23 völdu þá svarmöguleika. Í mótsögn við þá staðreynd að 35 af 48 finnst líklegt eða mjög líklegt að þeir muni nýta sér dvalar- eða hjúkrunarheimili þá svara 40 af 47 að þeir kjósi að búa sem lengst í eigin húsnæði með aðstoð heimahjúkrunar.

Í ljósi fyrri rannsókna á stöðu öldrunarþjónustu á Íslandi sem sýna að fjölskylda, vinir og nágrannar spila stórt hlutverk í umönnun aldraðra er vert að benda á tvennt. Það fyrra er að 12 einstaklingar eiga annað hvort engan nákominn ættingja í sveitinni eða eingöngu maka. Það seinna er að 17 einstaklingar úr hópi svarenda eiga ekki maka en makar skipta miklu máli varðandi það hvort einstaklingar fái aðstoð með formlegum eða óformlegum hætti. Þeir sem eiga ekki maka eru líklegri til að fá aðstoð með formlegum hætti. Hvort tveggja gefur vísbendingar um að þörf fyrir félagsþjónustu muni aukast í sveitarfélaginu á komandi árum.

Þá telur yngsti aldurshópurinn, 60-70 ára, að þeir muni ekki fara á Hvamm, heimili aldraðra á Húsavík þegar fram líða stundir. Sami aldurshópur er einnig hvað jákvæðastur hvað varðar byggingu á dvalar- eða hjúkrunarheimili í Skútustaðahreppi.

## 8 Heimildaskrá

- Arndís Jóna Guðmundsdóttir, Jónína Harpa Njálsdóttir og Lillý Rebekka Steingrímsdóttir. (2013). Blómleg búseta og þróun þjónustu: viðhorf, óskir og þarfir aldraðra í Eyjafjarðarsveit fyrir þjónustu og búsetuúrræði í sveitarfélaginu. Óbirt BA-ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Heilbrigðisvísindasvið. Sótt 16. júní 2016 af <http://hdl.handle.net/1946/15213>.
- Félagsmálaráðuneytið. (2006). *Velferðarþjónusta í dreifbýli. Skýrsla félagsmálaráðherra um velferðarþjónustu í dreifbýli*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Guðni Halldórsson. (2004). Kísilgúrverksmiðjan í Mývatnssveit: 1966-2004. Í Guðni Halldórsson og Sigurjón Jóhannesson, *Arbók Þingeyinga* (bls. 96-127). Akureyri: Húsavíkurbær.
- Hagstofan. (2016). Mannfjöldi. Sótt 16. júní 2016 af <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>.
- Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingu Arnórsson (ritstjórar). (1985). *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga*. Reykjavík: Oddi hf.
- Jórunn Íris Sindradóttir og Ómar Harðarsson. (2015). Endurskilgreining Hagstofu Íslands á þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum. Hagtíðindi.
- Kísilgúrvinnslu við Mývatn lokið. (2004, 29. nóvember). *Vísir*. Sótt 16. júní 2016 af <http://www.visir.is/kisilgurvinnslu-vid-myvatn-lokid/article/2004411290350>.
- Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999.
- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Ólöf Birna Björnsdóttir. (2013). Þjónusta á efri árum: Samanburður á þjónustu sveitarfélaga við aldraða. Óbirt BA-ritgerð: Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið. Sótt 16. júní 2016 af <http://skemman.is/handle/1946/13699>.
- Samstarfssamningur um skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. (2013, desember). Sótt 12. ágúst 2016 af <http://arnesthing.is/samningar/>.
- Sigurveig H. Sigurðardóttir. (2013). *Patterns of support and care in old age*. Jönköping: School of Health and Science.
- Skútustaðahreppur*. (á.á.). Um Skútustaðahrepp. Sótt 16. júní 2016 af <http://www.myv.is/um-skutustadahrepp/>.
- Velferðarráðuneytið. (á.á.). Stefna í málefnum aldraðra til næstu ára. Sótt 16. júní 2016 af [https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni\\_aldradra/Almennt/nr/4417](https://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/malefni_aldradra/Almennt/nr/4417).

## 9 Viðauki 1 – Spurningalisti

### Félagsstarf

1. Í hvaða félagsstarfi tekur þú þátt í?  
 Félagsstarfi eldri Mývetninga  
 Tek ekki þátt í félagsstarfi  
 Annað
2. Telur þú vera nægilegt framboð af afþreyingu og félagsstarfi fyrir eldri íbúa í Skútustaðahreppi í dag?  
 Já  
 Nei
3. Ef afþreying og félagsstarf fyrir aldraða myndi aukast og verða fjölbreyttara myndir þú taka meiri þátt en þú gerir núna?  
 Já  
 Nei  
 Get ekki sagt til um það
4. Ef afþreying og félagsstarf í sveitarfélaginu yrði aukið hvert af eftirtöldu er líklegast að þú myndir nýta þér?  
 Föndur  
 Smíðaverkstæði  
 Handavinna  
 Leikfimi  
 Sundleikfimi  
 Spilakvöld  
 Leiga á afþreyingarefni  
 Skipulagðar gönguferðir  
 Fræðslu erindi  
 Annað

### Húsnæði

5. Býrð þú í eigin húsnæði  
 Já  
 Nei



6. Búa einhverjir úr þinni nánustu fjölskyldu á svæðinu?
- Nei
  - Nei, aðeins maki
  - U.þ.b. helmingur
  - Flestir
  - Já allir
7. Ef þú gætir ekki búið áfram í eigin/núverandi húsnæði hversu mikinn áhuga hefur þú á að flytja á dvalarheimili í nálægum sveitafélögum t.d. á Húsavík eða Akureyri?
- Mjög mikinn áhuga
  - Mikinn áhuga
  - Hlutlaus
  - Lítinn áhuga
  - Alls engan áhuga
8. Ef þú munt ekki geta búið lengur í eigin húsnæði, sérð þú fram á að flytja á dvalarheimilið Hvamm á Húsavík?
- Já
  - Nei
9. Telur þú vera grundvöll fyrir byggingu dvalar- og hjúkrunarheimilis í Skútustaðahreppi?
- Já
  - Nei
10. Ef byggt yrði dvalar- eða hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Skútustaðahrepp hversu líklegt telur þú vera að þú myndir nýta þér það á næstu 10- 20 árum?
- Mjög líklegt
  - Líklegt
  - Hvorki líklegt né ólíklegt
  - Ólíklegt
  - Mjög ólíklegt
11. Ef dagvist fyrir eldri íbúa væri til staðar í sveitarfélaginu, hversu líklegt þykir þér að þú myndir þér hana?
- Mjög líklegt
  - Líklegt
  - Hvorki líklegt né ólíklegt
  - Ólíklegt
  - Mjög ólíklegt

12. Ef byggðar yrðu þjónustubúðir fyrir eldri íbúa í Skútustaðahreppi, hversu líklegt þykir þér að þú myndir nýta þær á næsu 10-20 árum?

- Mjög líklegt
- Líklegt
- Hvorki líklegt né ólíklegt
- Ólíklegt
- Mjög ólíklegt

### **Þjónusta**

13. Þekkir þú til þeirrar þjónustu sem öldruðum er veitt í Skútustaðahreppi?

- Já
- Nei
- Hlutlaus/veit ekki

14. Myndir þú vilja sjá breytingar á þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu?

- Já
- Nei
- Hlutlaus
- Veit það ekki

15. Hver eru viðhorf þín gagnvart núverandi þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu?

- Mjög ánægð/ur
- Ánægð/ur
- Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur
- Óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur

16. Ef þjónusta við eldri íbúa yrði aukin hvert af eftir töldu myndir þú nýta þær?

- Akstursþjónusta
- Heimsending á heitum mat
- Heimsóknir til einstæðra
- Aðstoð við innkaup
- Heimilisþrif
- Hársnyrting
- Fótsnyrting
- Annað?

17. Ef þú ættir þess kost að búa lengur í núverandi húsnæði með því að fá heimahjúkrun eða aðra slíka þjónustu myndirðu kjósa það frekar en að flytja á dvalar- eða hjúkrunarheimili?

- Já
- Nei

18. Sækir þú þjónustu til nærliggjandi sveitarfélaga?

- Já
- Nei

19. Hverja af eftirtalinni þjónustu sækir þú til nærliggjandi sveitarfélaga?

- Hársnyrtingu
- Fótsnyrtingu
- Bókasafn
- Matvöruverslun
- Endurhæfingu
- Annað?

20. Í hvaða sveitarfélagi er sú þjónusta sem þú sækir oftast?

- Norðurþingi
- Þingeyjarsveit
- Akureyri
- Reykjavík
- Annað?

### **Bakgrunnur**

21. Kyn?

- Karl
- Kona

22. Hvaða ár ert þú fædd/ur? (Fyllt inn af spyrli út frá íbúaskrá þegar viðkomandi lauk þátttöku)

— . — . — . —

23. Hvaða menntun hefur þú lokið?

- Grunnskóla
- Framhaldsskóla
- Starfsmenntun
- Grunnnámi í háskóla
- Framhaldsnámi í háskóla
- Annað?

24. Stundar þú launað starf?

- Já, fullt starf
- Já, hlutastarf
- Nei

25. (Hver er/var staða þín á vinnumarkaði)? – Niðurstöður þessarar spurningar voru ekki notaðar við úrvinnslu

\_\_\_\_\_

26. Hver er hjúskaparstaða þín?

- Gift/ur
- Í sambúð
- Einhleyp/ur
- Ekkja/ekkill
- Fráskilin/n

27. Hve lengi hefur þú búið í Mývatnssveit?

\_\_\_\_\_